

Auka fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki föstudaginn 30. maí 2025 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verður það mál nr. 2 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2024, seinni umræða
Lilja Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG kom inn á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og fór yfir endurskoðunarskýrsluna.

Stjórnsýsluskoðun 2024 og endurskoðunarskýrsla 2024 lagðar fram til kynningar með ársreikningi.

Ársreikningur 2024 lagður fram til seinni umræðu.

Ársreikningur 2024 samþykktur samhljóða.

2. Ráðstöfun bóka úr Laugargerðisskóla
Oddviti leggur til að íbúum verði gefinn kostur á að nálgast bækur úr Laugargerðisskóla.

Samþykkt samhljóða.

Tímasetning verður auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:45.

Herdís Þórðardóttir – sign.

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign.

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign.

Þröstur Aðalbjarnarson – sign.

Sigurbjörg Ottesen – sign.